



Jón Þorgeir Hallgrímsson, Gunnlaugur Snædal

## KEISARASKURÐIR Á ÍSLANDI ÁRIN 1920-1929

Sögulegt yfirlit – II. grein

### INNGANGUR

Eins og fram kom í fyrstu grein voru gerðir þrjár keisaraskurður á Íslandi frá árunum 1865 til og með 1911. Síðan liðu 9 ár og hefur ekki tekist að finna neinn keisaraskurð í rituðum heimildum þessi ár. Frá 1920 til 1929 voru gerðir 13 keisaraskurðir á landinu og af þeim er fjögurra ekki getið í heilbrigðisskýrslum. Þessar aðgerðir voru gerðar á Akureyri, í Reykjavík, Vestmannaeyjum og á Ísafirði, svo sem nú skal greint frá.

### ÁRIN 1920 TIL 1924

Í heilbrigðisskýrslum ársins 1920 finnast engar upplýsingar um keisaraskurð, en við skoðun á aðgerðaskrá St. Jósefsspítala, Landakoti, kom í ljós, að Matthías Einarsson gerði eina slíka aðgerð vegna grindarþrengsla 1. janúar það ár hjá 27 ára gamalli konu (1). Konan lést á sjötta degi eftir aðgerð, en barns er ekki getið. Frekari upplýsinga hefur ekki verið unnt að afla, þar eð ekki liggja fyrir sjúkraskrár frá spítalanum frá þessum árum.

Árið 1921 gerði Steingrímur Matthíasson keisaraskurð á Akureyri á dvergvaxinni konu með mikla þvageggjahvítu og bjúg, en hún var flutt þangað á mótorbát frá Siglufirði. Höfðu hriðir byrjað á leiðinni, en útvíkkun var lítil er hún kom til Akureyrar.

Í sjöunda tölublaði sjöunda árgangs Læknablaðsins frá júlí 1921 (bls. 105) er fundargerð frá 28. júní það ár, þar sem þess er getið, að Steingrímur hafi flutt erindi um Sectio Cæsarea, sem hann nýskeð hafði gert (2).

Samkvæmt þessari fundargerð kvað Steingrímur »skurðinn ótrúlega einfaldan og sæmilegum læknum engin vorkunn að gera hann«. Segir hann frá notkun pituitríns, bæði fyrir og eftir aðgerð og að hætta á sýkingu sé ekki mjög mikil. Ekki verður annað séð en að móðir og barn hafi lifað þennan keisaraskurð.

Frá kvennadeild Landspítalans. Barst ritstjórn 03/11/1987. Samþykkt 16/11/1987.

Í fyrra bindi ritgerðasafnsins »Lækningar og saga« (3), ritar Vilmundur Jónsson um »týnda keisaraskurðinn«, sem getið var um í fyrstu greininni og þá hverjir hugsanlega hefðu getað gert slíka aðgerð. Þar útilokar hann m.a. Guðmund Hannesson. Einnig kæmi Guðmundur Magnússon til greina sem Vilmundur telur þó einnig útilokað. Árið 1922 er ekki getið um neinn keisaraskurð í heilbrigðisskýrslum, en við athugun á aðgerðaskrá St. Jósefsspítala, Landakoti, frá því ári, kemur í ljós, að Guðmundur Magnússon gerði keisaraskurð vegna eclampsia á 28 ára gamalli konu þann 26. ágúst. Ekki er getið um afdrif barns, en konan er sögð útskrifuð á 24. degi eftir aðgerð. Við höfum ekki fundið heimildir um fleiri keisaraskurði frá hans hendi.

Árið 1923 er í heilbrigðisskýrslum minnst á einn keisaraskurð og neðanmáls á aðgerð, sem mjög líklega gæti verið keisaraskurður, enda kemur í ljós, að tvær aðgerðir voru gerðar á Landakoti það ár. Hin fyrri 31. mars af Matthíasi Einarssyni á 22ja ára konu og var hún gerð vegna eclampsia. Konan dó samdægurs. Seinni aðgerðin 1923 var einnig gerð á Landakotsspítala en af Guðmundi Thoroddsen þann 31. júlí á 31 árs gamalli konu vegna grindarþrengsla (pelvis minoris) og útskrifaðist konan á 15. degi eftir aðgerð.

Árið 1924 er getið um einn keisaraskurð gerðan af Guðmundi Thoroddsen þann 1. júní á 25 ára gamalli konu vegna grindarþrengsla (pelvis plana). Ekki er getið um barn, en konan dó viku síðar.

### TÍMAMÓT

Árið 1925 markar nokkur tímamót í sögu keisaraskurða á Íslandi, en það ár voru þeir tveir, annar á St. Jósefsspítala, Landakoti, en hinn í Vestmannaeyjum. Guðmundur Thoroddsen gerði þann 9. júlí keisaraskurð á 33ja ára gamalli konu og er hér um sömu konu að ræða og gekkst undir keisaraskurð 31. júlí 1923, en það var vegna grindarþrengsla. Á þessari konu var þannig gerður fyrsti keisaraskurður á Íslandi, sem ekki taldist bráður (elective operation).

Í heilbrigðisskýrslum árið 1925 er einnig getið um keisaraskurð í Vestmannaeyjum. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir þar tókst ekki að fá neinar upplýsingar. Þegar ljóst var að Páll Kolka hafði starfað í Vestmannaeyjum á þessum árum tókst að hafa upp á heimildum, en í bók sinni »Úr myndabók læknis« (4) ritar Páll Kolka um þessa aðgerð. Þar segir frá því, að Halldór læknir Gunnlaugsson hafi drukknað hinn 16. desember 1924 er hann var að gegna skyldustörfum og með honum sex menn aðrir. Ekkja eins þeirra var vanfær og fékk hún síðar um veturinn miklar blæðingar, sem endurtóku sig við minnstu hreyfingu. Síðan heldur Páll Kolka áfram. »Hér var um fyrirleggjandi fylgju að ræða, en fóstrið ekki nema sjö mánaða og fæðing alls ekki komin á fullan rexpöl, svo að ekki var hægt að gera Braxton-Hick's vendingu, sem er í því fólgin að bora tveim fingrum upp í gegnum fylgjuna, ná niður fæti og toga barnið niður í gegnum opið á fylgjuni. Er sú aðgerð þó hvorki auðveld né hættulítil fyrir konu og barn. Ég sá því ekki aðra leið færa en gera keisaraskurð á konunni, en sá hængur var á, að ég hafði aldrei gert þá aðgerð áður og m.a.s. aldrei séð hana gerða, enda var hún þá miklu sjaldgæfari en síðar varð. Ég las því tiltækilegar lýsingar á aðgerðinni og yfirför þær vandlega í huganum, en ráðfærði mig auk þess símleidis við prófessor Guðmund Thoroddsen, sem stappaði í mig stálinu. Á heimili konunnar voru ágæt húsakynni, »stásstofa«, sem ég lét taka allt út úr og þvo hana hátt og lágt, því að ekki þurfti að hafa mjög hraðann á. Þessi stofa var tvöfalt stærri en skurðstofan á franska spítalanum og lét ég flytja þangað skurðarborð spítalans og allan annan útbúnað, sem þurfti, gerði svo keisaraskurð á konunni með hjálp Péturs (Jónssonar, síðar læknis á Akureyri), aðstoðarlæknis míns. Aðgerðin tók um klukkutíma, konunni heilsaðist vel, hún giftist aftur nokkrum árum síðar og tók ég þá á móti barni hjá henni með eðlilegum hætti.

Keisaraskurður er í sjálfu sér frekar einföld aðgerð og ekki sérlega vandasöm, en hún er skemmtilega »dramatísk«, jafnvel frekar flestum öðrum úrræðum, sem forða bráðum bana. Það hvíldi yfir henni þá og jafnvel enn nokkur töfraljómi í meðvitund almennings.«

Tvennt er það sem í dag gerir þessa aðgerð áhugaverða. Hið fyrra er að þetta mun vera í seinasta skipti, sem skurðstofa er flutt inn á heimili sjúklings vegna keisaraskurðar og svo hitt

að sjúklingurinn er enn á lífi, 94 ára gömul kona við bestu heilsu og ern vel.

Man hún vel þessa atburði er hófust með sjóslýsinu mikla, er eigenmaður hennar ásamt nokkrum öðrum mönnum og Halldóri lækni fórust, rétt utan við Eiðið í Vestmannaeyjum, en þeir voru í embættiserindum vegna skipakomu erlendis frá. Hún minnst þess einnig að Páll Kolka hafi sagt, eftir að búið var að flytja skurðstofuna heim í stofu til hennar: »Það fer eins vel um mig, og mikið betur, en þó ég væri kominn til Reykjavíkur á spítalann þar«. Hún kveður lækninn hafa ákveðið keisaraskurð, þar sem hann hélt að hægt væri að bjarga barninu, en það tókst þó ekki. Hún man einnig svæfinguna, sem framkvæmd var af Pétri Jónssyni. Kveður hún aðgerðina hafa gengið vel, en man ekki með hverjum hætti hún var deyfð annað en að hún »hafi fengið deyfingarsprautu ekki gasgrímu«. Kveðst hún hafa verið lengi að ná sér, en man ekki hvað lengi. Ekki varð henni meint af og fæddi síðar eðlilega, svo sem fram kemur í lýsingu Páls Kolka.

Árið 1926 er ekki getið um neinn keisaraskurð í heilbrigðisskýrslum, en samkvæmt aðgerðabókum Landakotsspítala gerði Matthías Einarsson keisaraskurð þann 24. febrúar á 30 ára sjúklingi, sem dó á fimmta degi. Tilefnið var grindarþrengsli.

#### ÁRIN 1927 TIL 1929

Árið 1927 er í heilbrigðisskýrslum getið tveggja keisaraskurða, en við nánari athugun kom í ljós þriðja aðgerðin. Eru þessir tveir keisaraskurðir sagðir gerðir í Reykjavík og kemur það heim og saman við það, að Guðmundur Thoroddsen gerði þar keisaraskurð 7. desember á 33ja ára gamalli konu vegna »dysdynamia in partu«. Sú kona útskrifaðist á 21. degi. Og enn gerði Guðmundur keisaraskurð á 41 árs gamalli konu vegna »placenta previa« og dú sú kona á þriðja degi.

Þriðja aðgerðin, sem í ljós hefur komið, finnst ekki í heilbrigðisskýrslum, en það er keisaraskurður sem Steingrímur Matthíasson gerði á 37 ára gamalli konu, öðru sinni. Hér er um að ræða sömu konuna og Steingrímur gerði keisaraskurð á (í Hamborg) á Akureyri árið 1911 (5). Samkvæmt greinargerð Steingrims í Læknablaðinu vantaði konuna nokkuð upp á fullan meðgöngutíma og fæðing ekki byrjuð þegar hafist var handa. Steingrímur tekur fram að í þetta skiptið »þurfti ég aðeins helmingi minni

skurð, eða líkt og ég hafði séð Bumm gera, og dró barnið fram á höfði með tóng. Við spýttum inn pituitrini í uterusvöðvana, jafnskjótt og uterus var tæmdur, og hafði það ágætan árangur. Síðan gerðum við resectio tubarum, eftir ósk konunnar. Nokkrum vikum á undan aðgerðinni höfðum við svæft konuna og mælt grindina. Það var pelvis æquabiliter justo minor, og mældist okkur þannig:

Spina il. ant. sup. ....	22 cm.
Cr. il. ....	25 cm.
Trochanters ....	30 cm.
Diam. Baudeloque ....	18 cm.
tubera ischir. ....	9 cm.
Conj. diagon. ....	9,5 cm.
cm. Conj. vera u.p.b. ....	8 cm.

Konu og barni heilsaðist vel eftir skurðinn.«

Ekki hafa fundist heimildir um keisaraskurð á Íslandi árið 1928.

Árið 1929 er getið um einn keisaraskurð á landinu, gerðan á Ísafirði af Vilmundi Jónssyni 16. september það ár. Lýsir hann aðgerðinni í Læknablaðinu árið 1931 (6).

Konan, 32ja ára bústýra verkamanns, var vanfær í fyrsta sinn. Vilmundur kveður meðgönguna hafa verið eðlilega að undantekinni nokkurri uppsölu á fyrri hluta tímans, þar til tæpri viku fyrir innlögn á sjúkrahúsið á Ísafirði, að konan vaknaði við blæðingu og vöknaði lak undir henni. Var læknir sóttur til, og fyrirskipaði hann rúmlegu. Síðan mun konan hafa legið í rúminu, en daginn fyrir innlögn blæddi talsvert frá henni tvisvar sinnum og þá var hún flutt á sjúkrahúsið. Síðan er lýst klínískri skoðun og klukkan 11 eftir hádegi var gerð á henni sectio cæsarea abdominalis. Sneið af fylgjurni lokaði fyrir legopið. Fæddist lifandi sveinbarn 2.000 g að þyngd og 45 cm að lengd. Konan útskrifaðist

þann 8. október og barnið nokkru seinna, bæði við bestu heilsu.

Í upphafi Læknablaðsgreinar frá 1931 kemst Vilmundur svo að orði: »Einhver hin ruddalegasta aðgerð, sem læknar iðka er sú, þegar leitast við að hjálpa konum með fyrirsætar fylgjur á þann hátt að bora sig í gegnum fylgjuna, ná fram fæti, toga svo langt niður að sitjandinn á fóstrinu megi stöðva blóðrásina, og bíða síðan fæðingarinnar. Barnið er þar með lang oftast af lífi tekið, blóðrásin þó ótryggilega stöðvuð, konan þínd í langan tíma og jafnvel opin leið til smitunar, með öllu því sem af henni kann að leiða.«

Af þessari lýsingu er augljóst hvaða þýðingu keisaraskurðurinn hefur haft þegar fylgjan er fyrirsæt.

#### LOKAORÐ

Nú hefur verið gerð grein fyrir þeim keisaraskurðum, sem vitað er um á Íslandi frá 1865 til 1929, en úr því má búast vð nokkurri aukningu á þessum aðgerðum, þar eð Fæðingadeild Landspítalans var opnuð árið 1930. Í næstu grein munum við athuga hverjar breytingar verða á til ársins 1939.

Kunni eldri kollegar skil á frekari gögnum um keisaraskurði á fyrri tímum, taka höfundar með þökkum slíkum upplýsingum.

#### HEIMILDIR

1. Aðgerðaskrár St. Jósefsspítala, Landakoti 1920.
2. Fundargerð. Læknablaðið 1921; 7: 105.
3. Jónsson V. Lækningar og saga. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1969.
4. Kolka P. Úr myndabók læknis. Reykjavík: Setberg 1964 bls. 257-8.
5. Rafnar B. Persónulegar upplýsingar.
6. Jónsson V. Læknablaðið 1931; 17: